

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í Fagrahvammi, mánudaginn 16. apríl 2018, kl. 18:00.

Mætt voru: Friðrik Sigurbjörnsson, Alda Pálsdóttir, Fanný Björk Ástráðsdóttir, Jakob Fannar Hansen og Viktoría Sif Kristinsdóttir í forföllum Soffíu Valdimarsdóttir.

Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Menningarviðburðir
2. Sumarnámskeið fyrir börn
3. Menningarverðlaun 2018
4. Hengill Ultra – utanvegahlaup
5. Önnur mál

1. Menningarviðburðir

Menningar og frístundafulltrúi kynnti þá viðburði sem verða á árinu.

a) Sumardagurinn fyrsti: Sumarkomu fagnað í Sundlauginni Laugaskarði, gestum boðið í morgunverð, tónleikar Karla kórsins á svölunum kl. 11 og söguganga kl. 12.

b) 80 ára afmæli Sundlaugarinnar þann 6. júní: Menningar og frístundafulltrúi kynnti bókaða dagskrá og hugmyndir um aðra dagskrárliði.

c) 17. júní. Dagskrárdrög rædd.

d) Blómstrandi dagar 15. – 19. ágúst. Umræður um dagskrá.

2. Sumarnámskeið fyrir börn

Menningar og frístundafulltrúi kynnti skipulag á íþróttá og ævintýranámskeiði og einnig var farið yfir önnur námskeið sem eru í undirbúningi.

3. Menningarverðlaun 2018

MÍF nefnd ákvað hver myndi hljóta menningarverðlaun Hveragerðisbæjar 2018. Verðlaunin verða veitt við hátíðardagskrá á 17. júní.

4. Hengill Ultra

Formaður kynnti framkvæmd á utanvegahlaupinu Hengil Ultra trail sem verður haldið í sjöunda sinn þann 8. september næstkomandi. Í ár verður í fyrsta sinn boðið upp á 100 km boðhlaup sem er skipt upp þannig að fjórir keppendur hlaupa 25 km hring, einn fyrir hvern keppanda. Annars eru styttri vegalengdir í kringum Hveragerði og nágrenni.

5. Önnur mál

Formaður óskaði eftir við nefndarmenn að bæta við dagskrá þakkarbréfi sem barst frá stjórn HSK og var það samþykkt

Þakkir vegna Landsmóts 50+ í Hveragerði

96. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið í Þorlákshöfn 10. Mars 2018, þakkar bæjarstjórn Hveragerðisbæjar ánægjulega samvinnu og frábæra aðstöðu og móttökur við framkvæmd Landsmóts 50+. Einnig er sjálfboðaliðum þakkað fyrir það mikla starf sem lagt var fram í tengslum við mótið.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:05

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign)

Alda Pálsdóttir, (sign)

Jakob Fannar Hansen, (sign)

Fanný Björk Ástráðsdóttir, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign)

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign)